

4. Verðjöfnunargjald 13% samkvæmt lögum um verðjöfnunargjald af raforku, er innifalið í gjöldum þeim, sem um ræðir í gjaldskrá þessari, að undanteknum D-liðum.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 261 29. júní 1976.

Iðnaðarráðuneytið, 18. febrúar 1977.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

REGLUGERÐ

um lágmarksbúnað loftfara til sjónflugs, næturflugs, blindflugs, óbyggðaflugs og flugs yfir sjó.

1. Almenn.

- 1.1. Auk þess búnaðar sem krafist er fyrir lofthæfi, þá skulu íslenskar flugvélar a. m. k. hafa búnað þann, sem hér greinir, í sjónflugi, næturflugi, blindflugi, óbyggðaflugi og flugi yfir sjó.
- 1.2. Mælitækjum og öðrum búnaði skal þannig fyrir komið að flugliðar geti auðveldlega lesið af þeim eða náð til þeirra, eftir því sem við á, úr sæti sínu.
- 1.3. Björgunarvesti fyrir áhöfn og farþega skulu ávallt vera í íslenskum loftförum. Þó þarf ekki björgunarvesti í svifflugum sem notaðar eru fjarri sjó og stórum vötnum.
- 1.4. Viðurkenndir sjúkrakassar skulu ávallt vera um borð í íslenskum loftförum.
- 1.5. Slökkvitæki af viðurkenndri gerð skulu ávallt vera um borð í vélknúnum íslenskum loftförum.

2. Flugmælitæki.

- 2.1. Til sjónflugs skal flugvél a. m. k. hafa eftirfarandi búnað:
 - a) Hraðamæli.
 - b) Hæðarmæli (mælikvarði í fetum).
 - c) Seguláttavita.
- 2.2. Til blindflugs og næturflugs skal flugvél a. m. k. hafa eftirfarandi búnað:
 - a) Hraðamæli tengdan kerfi sem hefur búnað til að hindra skekkjur vegna ísmyndunar eða vatnspéttingar (t. d. pitot-hitara).
 - b) Tvo hæðarmæla, með mælikvarða í fetum, og skal a. m. k. annar þeirra vera næmur (sensitive) og vera við sæti flugmanns.
 - c) Seguláttavita.
 - d) Klífurmæli (rate of climb).
 - e) Snúðu-beygju og hallamæli (turn and bank).
 - f) Snúðu- gervisjóndeildarhring (artificial horizon).
 - g) Stefnumnúðu (directional gyro).
 - h) Búnað sem sýnir hvort aflagjafi snúðumælitækjanna er í lagi.
 - i) Klukku með sekúnduvísi.

- 2.2.1. Við næturflug samkvæmt sjónflugsreglum innan 15 sjómílna frá lýstum flugvelli þarf aðeins búnað a) til og með e) og einn næman hæðarmæli. Pitot-hitara þarf ekki.

3. Ljósabúnaður.

- 3.1. Í næturflugi skal flugvél hafa a. m. k. eftirfarandi ljós:
- Siglingaljós (navigation lights) og rautt blikandi varúðarljós (anti collision light) í samræmi við ákvæði flugreglna.
 - Eitt lendingarljós.
 - Lýsingu fyrir öll mælitæki, svo og fyrir annan búnað sem þarf til öruggrar stjórnar flugvélarinnar.
 - Vasaljós við hvert sæti flugliða.
- 3.1.1. Eigi má nota blikandi siglingarljós með blikandi varúðarljósum.

4. Fjarskipta- og flugleiðsögutæki.

- 4.1. Fjarskipta- og flugleiðsögubúnaður flugvélar skal a. m. k. vera sem hér segir:
- 4.1.1. Til sjónflugs innan flugstjórnarsviðs þarf VHF-sendi og viðtæki til fjarskipta við hlutaðeigandi flugturn.
 - 4.1.2. Til blindflugs svo og til næturflugs utan 15 sjómílna frá lýstum flugvelli þarf eftirfarandi búnað:
 - VHF-sendi og viðtæki til fjarskipta við flugstjórnarmiðstöð, flugturn og flugradióstöðvar.
 - Tvo radióáttavita (ADF), eða einn radióáttavita og eitt VOR-viðtæki, svo og viðtæki fyrir markvita (marker beacon).

Ath.: Fjarskiptatækin skulu þannig gerð að hægt sé að hlusta stöðugt á tiltekna tíðni og samtímis nota flugleiðsögutækin.
 - 4.1.3. Til blindflugs þarf radarsvara (SSR-transponder) fyrir 4096 merki (codes) og hætti (modes) A og C í allar fjölhreyfla flugvélar, sem notaðar eru í blindflugi til og frá flugvöllunum í Reykjavík og Keflavík.
 - 4.2. Flugvélar, sem notaðar eru í reglubundnu áætlunarflugi skv. blindflugsreglum, svo og þær vélar, sem notaðar eru við kennslu og þjálfun í blindflugi (þar á meðal PFT/I) skulu auk þess búnaðar sem skráður er í 4.1.2., hafa a. m. k. eitt ILS viðtæki.

5. Neyðarsendir.

- 5.1. Öll vélknúin loftför, sem hafa mesta leyfilegan flugtaksþunga 5700 kg. eða minni, skulu búin sjálfvirkum neyðarsendi sem getur sent í tíðnum 121.5 og 243 MHz og fullnægir kröfum flugmálastjórnar um slíka senda.
- 5.2. Undanþegnar þessu ákvæði eru flugvélar þegar þeim er flogið til staða þar sem setja á neyðarsenda í þær eða gera á við bilaða neyðarsenda.

6. Útbúnaður í óbyggðaflugi.

- 6.1. Með „óbyggðum“ er hér átt við svæði, sem fjær liggja byggðu bóli en 25 km.
- 6.2. Í óbyggðaflugi á eins hreyfils loftförum skal hafa útbúnað meðferðis, sem tryggir öryggi áhafnar og farþega í a. m. k. sólarhring, komi til nauðlendingar í óbyggðum. Útbúnaðurinn miðist við árstíma og aðstæður hverju sinni, svo sem skjólfatnaður, tjöld og vatn.

7. Flug yfir sjó.

- 7.1. Eins hreyfils landflugvélum skal ekki flogið lengra frá landi en svo, að hægt sé að ná til lands í renniflugi. Sjúkraflug og annað neyðarflug er undanþegið ákvæðum þessarar málsgreinar og loftferðaefirlitið getur veitt sérstakar undanþágur til ferjuflugs o. þ. h. Sé loftförum flogið fjær landi en 50 sjómíllur, skulu vera um borð björgunarbátar, sem rúmi alla um borð.

8. Gerð og frágangur búnaðar.

Flugmálastjórn veitir nánari upplýsingar um kröfur sem varða gerð, frágang, ísetningu og viðhald framangreinds búnaðar.

9. Refsiákvæði.

Brot gegn reglugerð þessari, varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum enda taki eigi önnur refsíákvæði XIII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964 yfir atferlið.

10. Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 89., 155., 163. og 186. gr. laga nr. 34 21. maí 1964 um loftferðir, og tekur til íslenskra loftfara og erlendra loftfara sem íslenskur aðili notar eða ræður yfir, staðfestist hér með til að öðlast gildi frá og með 1. maí n. k. Ákvæði 4.1.3. taka þó ekki gildi fyrr en 1. október n. k. Jafnframt eru úr gildi felldar reglur um óbyggðaflug og flug yfir sjó nr. 253 23. maí 1975.

Samgönguráðuneytið, 22. febrúar 1977.

Halldór E. Sigurðsson.

Birgir Guðjónsson.

REGLUGERÐ

um loðnuveiðar árið 1977.

1. gr.

Á tímabilinu 15. mars til 15. maí 1977 eru loðnuveiðar bannaðar fyrir Norður- og Austurlandi frá 20° v. lgd. austur um að línu réttvisandi suðaustur frá Eystra-Horni, utan línu, sem dregin er 25 sjómíllur utan viðmiðunarlínu sbr. lög nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Á tímabilinu 15. maí til 15. júlí 1977 eru allar loðnuveiðar bannaðar.

2. gr.

Bannað er að veiða smáloðnu minni en 12 cm að lengd, sé hún verulegur hluti loðnuafla fiskiskipa.

Lágmarksstærð loðnu er mæld frá trjónuoddi að sporðsenda.